

## Breiðalsá og Beljandi í Breiðdal.

Arið 1944 var settur upp vatnshæðarmælir/Beljanda, en malareyri myndaðist framan við mælinn, svo að álestur gekk erfiðlega og þar við bættist að läng leioð var frá Brekkuborg, þeir gæzlumanns, á mæli-stað.

Síðastliðið sumar var mælirinn færður heim að túnfæsti Brekkuborgar og rennsli árinnar mælt. Mælt var (3 1/7 og 1/8) við þrjár mismunandi vatnshæðir og þegar mælt hefur verið á ný við lítið rennsli, er lykill tilbúinn, fyrr verður ekki hægt að reikna út heildar- eða meðal-rennsli árinnar.

Úrkomusvæði Breiðalsár hjá Beljanda er  $146 \text{ km}^2$ . Í Breiðdal er mikil úrkoma, einkum í hafátt, sem er í senn rök og hlý og kólnar og þéttist raki loftsins við hlíðar hinna 1000 m háu fjalla, sem lykja um Breiðalsá á þrá vegu. Vatnsrennslið í fjöllunum hagar sér líkt í Breiðdal, sem annarsstaðar á Austfjörðum, regn- og leysingavatn hleypur skjótt fram oft með skriðuslettum, en í þurrkatið eru allir farvegir þurrir.

En Breiðalsá mótað er ekki síður af öðrum faktor, sem er ein-kennandi fyrir úrkomusvæðið og gengur í gagnstæða átt. En það er hve sjálfur dalurinn er hallalitill, 25 km frá sjó er hæð yfir sjávarmál aðeins 100 m, og í dalsbotninum liggur þykkt lag af ruðningi úr fjallahlíðunum, sem bindur og geymir mikið vatn. Hjá Beljanda gengur kleppabelti þvert yfir dalinn. Þetta kleppabelti myndar fossinn Beljanda. Það er ekki breitt, sekkur skjótt í jörö, enda hallar jarðögum í fjöllum beggja vegna Breiðals niður á við og inn til landsins. Þessi klöpp er slétt og afar heilleg og innan við hana eru smá vötn og tjarnir.

Eins og sakir standa er lítið hægt að segja um vatnsmagnið. Þó mun ég ráða um vetrarrennslið. Þegar ég fór um Breiðdal, 22. mars, 1950, var rennslið nálagt  $10 \text{ m}^3/\text{sek}$ , en það svarar til  $70 \text{ l}/\text{sek}$  pr  $\text{km}^2$ .

Lágrennslistímabil vetrarins '49-50 var oft slitið sundur af suð-austlægri átt, sem flutti rakt og hlýtt loft yfir úrkamusvæðið, svo að rennslið hefur ekki farið niður fyrir 15 l/sek pr. km<sup>2</sup>, b.e.a.s. 2,2 m<sup>3</sup>/sek og lengstaf mun harræ.

En um rennsli síðast liðins vetrar gildir öðru máli, frost-kaflar voru óvenju langir. Þann 8. nóv., sl. var S.A. stórrigning og mikil flöð í ánni, en eftir það gekk vetur í garð og dró örthi ánni, enda helst burr NA-læg átt. Þ. 17. des. brá til S-áttar að vísu nokkuð V-lægrar, en olli þó leysingu og vatnavöxtum, sem náði hámarki 20. s.m., svo dró fyr rennslinu á nýjan leik, enda N-læg átt og rennslið fór niður í um 2 m<sup>3</sup>/sek. Þann 10. jan. kom SA-átt með briggja stiga hita og skúraleiðingum og héldst rennslið um og yfir 2,5 m<sup>3</sup>/sek til 23. jan. en þá kom mikil leysing, sem héldst aðeins einn dag. Þ. 24. jan. náði N-átt yfirhöndinni á ný með nokkrum frostum til 30. jan. Þá kom S-átt með rigningu og leysingu á láglendi. Þessir blotar höfðu lítil sem engin áhrif upp á héraði og í Skriðdal, en héldu alltaf töluverðu rennsli í Breiðdalsá.

Þann 6. febr. kom SA-átt og mikil leysing, en fyr rennslum drög skjótt aftur. Hitastig héldst nálægt frostmarki og átt NA-læg með éljum til fjalla en krapahriðum í botni dalsins. Þegar ég fór um Breiðdal 22. mars, 1950, var markalína milli hins auða og vatnssósa lands annarsvegar og hjarnbreiðunnar heins vegar í 300-350 m hæð, en nú sl. veturnar 25. febr. náði snælinan niður undir sjávarmál. Siðustu dagana í febr. var vindátt SV-læg og nokkur leysing á láglendi, enn vex án lítið eitt en það varir ekki lengi. Í marzmánuði gengu forsthörkur og rennslið komst undir 1 m<sup>3</sup>/sek, að því er næst verður komist, að svo stöddu. Dagana 3. og 4. apríl var NA-rigning með tveggja stiga hita, vatnsmagn árinna drýgöist nokkuð, en það entist ekki lengi jarðvatnið var orðið mjög lágt og yfirborðsvatnið hljóp í gadd.

Þann 21. apríl kom SA-rigning og vorleysing hófst á láglendi.

Niðurstöður:

I vénjulegu árferði fær Breiðdalsá mikið leysingavatn að vetrinum til sökum þess, hve dalurinn liggar lágt, og lágreynslistímbilin eru stutt, alltaf rofin af SA-átt. Rennslið getur þó farið niður í um 2 m<sup>3</sup>/sek.

En sl. veturnar myndar sérstök, yfir 30 daga, er rennslið um og undir 1 m<sup>3</sup>/sek.

Beljandi:

Um fossinn sjálfan get ég lítið sagt. Bóndinn Gisli Stefánsson á Brekkuborg sagði mér sl. sumar, að verkfræðingur sá, sem setti upp vhm 1944 hafi hallamælt hjá Beljanda. Nú hefur Vegamálaskrifstofan tjáð mér, að Hannes heitinn Arnórsson hafi sett mælinn upp, en engin hallamæling er finnanleg í frumbókum hans. Svo að ætla má að engin hallamæling sé til af fossinum.

Beljandi er í tvennu lagi - tveir fossar - með á að gizka 150 m millibilli og hæð þeirra samanlöögð mun vera af starðargráðunni 10 m.

Hér með fylgja þrjár myndir af Beljanda.

Mynd nr. I. Heildaryfirlit. Á miðri myndinni, vinstra megin við ána sést maður ef vel er að gáð.

Mynd II. Efri fossinn

Mynd III. Efri fossinn

Eins og sést á mynd III er flatt land við Beljanda, einkum norðan við fossinn.

Stiflustæði er fallegt á fossbrúninni, að vísu nokkuð breitt. Með 1-2 m stiflu myndast uppistaða sem næði inn fyrir neðan bæinn Brekkuborg. Hæð landsins norðan við fossin mun takmarka hæð uppistöðu stiflu á fossbrúninni, ef til kemur.

16. maí, 1951.

Sigurjón Rist